



Samráðsfundur um nágrannavörslu og öryggismál í Reykjavík





Innbrot

VITUND | VARNIR | VIÐBRÖGÐ

4. ágúst 2026

Eypór Víðisson, sérfræðingur í öryggismálum hjá Reykjavíkurborg



Efni dagsins

- Innbrot á heimili
- Innbrot í fyrirtæki
- Forvarnir
- Viðbrögð
- Nágrannavarsla
- Spurningar





Innbrot í miðborgum

Fleiri tækifærisbrot - minna skipulagt

- Gerendur þekkja svæðið vel; byggingar, umferð, rútínur o.s.frv.
- Þéttleiki bygginga, litlir garðar, þéttur gróður og hliðargötur veita fleiri tækifæri
- Fólk þekkir nágranna sína síður - meiri íbúavelta - minna óformlegt eftirlit






Innbrot á heimili

Heimili með hærri líkur

- Leiguhúsnæði - meiri íbúavelta
- Heimili sem áður hefur verið brotist inn í
- Minna sýnilegar öryggisráðstafanir:
 - Ónóg lýsing - lélegir lásar - gamlir gluggar, engin vöktun o.s.frv.



Ákvörðunarferli innbrotspjófa í tækifærisbrotum
er mælt í sekúndum


Hættan á endurtekningu

- Ef brotist er inn í húsnæði - margfaldast líkur á innbrot verði endurtekið á þeim stað
- Ef brotist er inn - aukast líkur á að nágranni verði fyrir innbroti
 - Mikilvægt að deila upplýsingum um innbrot og **tilraunir**
- Mjög mikilvægt að gera ráðstafanir strax eftir að innbrot eða tilraun til innbrots á sér stað.



Reykjavík

Öryggislaukurinn





Góð ráð til að koma í veg fyrir innbrot

- Útidyr og bakdyr séu **alltaf** læstar - líka þegar einhver er heima
- Góð útilýsing - jafnvel tengd við hreyfiskynjara
- Engin verðmæti skilin eftir í bifreiðum

Fleiri ráð á reykjavik.is/nagrannavarsla



Ekki skilja verðmæti eftir á glámbekk

Gátlisti heimilis

- ☐ Ræða um innbrotavarnir á heimilinu
- ☐ Hvernig á að bregðast við grunsamlegri umferð eða hegðun
- ☐ Ræða reglulega um öryggismál á heimilinu
- ☐ Ganga úr skugga um að útidyrhurðir og gluggar séu læst
- ☐ Ganga úr skugga um að verðmæti sem erfitt er að bæta, séu utan sjónlínu þeirra sem horfa inn, geymd örugglega og skráð
- ☐ Koma upp innbrotakerfi eða snjallvöktun með dyramyndavél
- ☐ Taka þátt í nágrennavörslu





Gátlisti heimilis

Hægt að nálgast á reykjavik.is

Leitarorð: [Góðir grannar - örugg borg](#)



INNBROT Á HEIMILI - gátlisti

Gátlisti þessi er verkfæri fyrir íbúa til þess að auka öryggi eigna sinna. Í gátlistanum er finna upplýsingar um hvað ber að hafa í huga þegar kemur að öryggisvitund, vörnum og viðbrögðum vegna innbrota í heimili.

Öryggisvitund

Flest innbrot á höfuðborgarsvæðinu eru „tækifærisbrot“ þ.e. þegar einstaklingur gengur fram á aðstæður sem hann/hún metur sem tækifæri til að nálgast vermæti með því að brjótast inn.

Slik tækifæri geta verið opinn gluggi, ólæst hurð, sýnileg verðmæti eða merki um að ekki sé nægilega hugað að öryggi á heimilinu.

Gott er að senda sterk skilaboð um að öryggi sé tekið alvarlega á þínu heimili til dæmis með snyrtilegu umhverfi, traustum hurðum og gluggum, góðri lýsingu og svo framvegis.

Með þessu verða til skýr skilaboð sem hugsanlegir innbrotsþjófar taka til sín sem eykur líkurnar á að viðkomandi hætti við innbrotstíraun.

Forvarnir

- ☐ Ræða um innbrotavarnir á heimilinu.
- ☐ Hvernlga á að bregðast við grunsamlegri umferð eða hegðun.
- ☐ Ræða reglulega um öryggismál á heimilinu.
- ☐ Ganga úr skugga um að útidyrarhurðir og gluggar á jarðhæð og kjallara séu læst.
- ☐ Ganga úr skugga um að verðmæti heimilisins eins og til dæmis tölvur með myndum, erfðagripir eða aðrir hlutir sem erfitt er að bæta, séu utan sjónlínu þeirra sem horfa inn.
- ☐ Gott er að gæta þess að helstu verðmæti heimilisins eins og tölvur með myndum, erfðagripir eða aðrir hlutir sem erfitt er að bæta, séu geymd á öruggum stað, til dæmis í læstum skápum.
- ☐ Það kemur sér vel að skrá raðnúmer dýrustu hluta heimilisins eins og flatskjái, tölvur eða rafhjól.
- ☐ Koma upp innbrota- og myndavélakerfi eða snjallvöktun með dýrmyndavél.
- ☐ Nágrannavarsla hefur gefist vel á undanförunum árum. Það felst í því að traustir nágrannar sammælast um gagnkvæma vöktun á heimili hvors annars.

Rannsóknir sýna að auknar líkur eru á innbroti ef heimili er með:

Opna glugga | Ótraustar hurðir | Uppsafnað sorp | Áberandi litla umgengni | Óhirtan gróður | Ónóga lýsing



Innbrot í fyrirtæki

Fyrirtæki með hærri líkur

- Eldri hús - eldri hurðar - eldri gluggar
- Minna sýnilegar öryggisráðstafanir:
 - Ónóg lýsing - lélegir lásar - gamlir gluggar, engin vöktun o.s.frv.
- Fyrirtæki sem áður hefur verið brotist inn í




Merki um eignarhald skipta máli

- Veggjakrot fjarlæggt strax
- Það sem brotnar - er lagað strax
- Regluleg þrif
- Óviðkomandi vísað frá



Öryggislaukurinn



Gátlisti fyrirtækis

- ☐ Upplýsa/fræða starfsfólk um innbrotavarnir
- ☐ Ræða viðbrögð við starfsfólk um að tilkynna grunsamlega hegðun
- ☐ Ræða reglulega um öryggismál
- ☐ Ganga úr skugga um að gluggar og hurðir séu örugg
- ☐ Útgöngudyr bakatil læstar og girðingar erfiðar yfirferðar
- ☐ Verðmæt vara er tryggilega geymd eftir lokun
- ☐ Skriflegt verklag um frágang við lokun





Gátlisti fyrirtækis

Hægt að nálgast á reykjavik.is

Leitarorð: [Góðir grannar](#) - örugg borg



INNBRÖT Í FYRIRTÆKI - gátlisti

Gátlisti þessi er verkfæri sem ætlaður er rekstraraðilum fyrirtækja í Reykjavík um hvað ber að hafa í huga þegar kemur að öryggisvitund, vörnum og viðbrögðum vegna innbrota í fyrirtæki.

Öryggisvitund

Flest innbrot á höfuðborgarsvæðinu eru „tækifærisbrot“ – þegar einstaklingur gengur fram á aðstæður sem hann/hún metur sem tækifæri til að nálgast vermætti með því að brjótast inn. Slík tækifæri geta verið opinn gluggi, ólæst hurð, sýnileg verðmæti innandyra eða önnur merki um að ekki sé nægilega hugað að öryggismálum í fyrirtækinu.

Gott er að senda sterk skilaboð um að öryggi sé tekið alvarlega í þínu fyrirtæki; sýnrtilegt umhverfi, traustar bak- og útlíðingur, lýsing tengd hreyfiskynjurum og svo framvegis. Með þessu, ásamt áberandi öryggismerkingum og jafnvel öryggismyndavélum, verða til skilaboð sem hugsanlegir innbrotshófar taka til sín sem eykur líkurnar á að viðkomandi hætti við tilraun.

Forvarnir

- ☐ Upplýsa/fræða starfsfólk um innbrotavarnir.
- ☐ Ræða viðbrögð við starfsfólk um hvenær og hvernig á að tilkynna grunsamlega hegðun eða atvik.
- ☐ Ræða reglulega um öryggismál í fyrirtækinu.
- ☐ Ganga úr skugga um að ekki sé hægt að komast inn um glugga á hliðum eða bakatíl.
- ☐ Útgöngudyr bakatíl læstar og girðingar erfiðar yfirferðar.
- ☐ Ganga úr skugga um að millihurðir, til dæmis inn á skrifstofur séu læstar utan opnunartíma.
- ☐ Mikilvægt að sýnileg og laus verðmæti séu fallin eða fjarlægð við lokun. Má þar nefna verkfæri, tölvur og annar dýr búnaður eða tæki.
- ☐ Ganga úr skugga um að verðmæt vara sé tryggilega geymd eftir lokun með viðeigandi hætti. Þetta á helst við um vörur sem auðvelt er að koma í verð.
- ☐ Skriflegt verklag um frágang við lokun. Má þar nefna frágang verðmæta, lokun glugga og hurða og virkjun innbrotaviðvörðunarkerfis.
- ☐ Tryggja að starfsmenn loki hurðum og gluggum í lok dags.

Viðbrögð


- ☐ Fræða starfsmenn um viðbrögð við innbroti- eða innbrotstíflaun.
- ☐ Gott að hafa skriflegt viðbragðsferli vegna innbrota- eða innbrotstíflauna.
- ☐ Tryggja verklag um varðveislu myndefnis og annarra gagna.
- ☐ Gera úrbætur eftir hvert atvik til að koma í veg fyrir endurtekningu.

Rannsóknir sýna að auknar líkur eru á innbroti ef fyrirtæki er með:

Veggjakrot | Brotnar rúður | Áberandi lélegar hurðar | Lítið viðhald eigna | Önóga lýsingu

Límmiðar í glugga fyrirtækja

- Sýna fram á öryggisvitund
- Setja í glugga á áberandi stað
- Miðarnir eru í vinnslu og eru væntanlegir





Viðbrögð við innbrotum

Viðbrögð við innbroti eða tilraun

- Vernda vettvang
- Tilkynna lögreglu án tafar
- Taka myndir og skrá töpuð verðmæti
- Láta nágranna vita
- Endurmeta stöðu öryggismála - gera úrbætur
 - Laga strax brotna lása eða hurðir



Persónuleg viðbrögð

Innbrot valda oft mikilli vanlíðan

- Innrás í einkalíf fólks
- Persónulegir hlutir teknir
- Fjárhagstjón - fjárhagsáhyggjur
- Mikilvægt að viðurkenna - og vinna úr





Nágrannavarsla

Nágrannavarsla

- Samstarf íbúa, Reykjavíkurborgar og lögreglu um forvarnir í hverfum borgarinnar
- Íbúar fylgjast með óvenjulegri hegðun í nærumhverfinu
- Passa upp á eigur sínar og nágranna sinna
- Láta vita ef eitthvað grunsamlegt kemur upp



Nágrannavarsla


Markmið

- Halda afbrotum frá viðkomandi götu/hverfi
- Draga úr innbrotum og skemmdarverkum
- Auka líkur á að grunsamleg hegðun sé uppgötvuð
- Tengja saman nágranna og mynda öruggara nágrenni



Hvað felst í nágrannavörslu?

- Íbúar vinna að afbrotavörnum í samráði við nágranna sína
 - Fylgjast með húsum þegar nágrannar eru fjarverandi
 - Tilkynna grunsamlega hegðun til lögreglu
 - Hjálpa nágranna við að láta líta út fyrir að einhver sé heima
- Deila upplýsingum um öryggismál innan hverfisins
- Fara í göngutúra - vera sýnileg



Í nágrannavörslu taka íbúar **ALDREI** lögin í eigin hendur s.s. að reyna að stöðva afbrotamenn sjálfir.

ALLTAF ER HRINGT Á LÖGREGLU!

Reykjavíkurborg styður nágrannavörslu

- Reykjavíkurborg skoðar frekari leiðir til að styðja við nágrannavörslu
- Miðar sem hægt er að líma í glugga við útgöngudyr eða svaladyr
 - Verða tiltækir á völdum afgreiðslustöðum innan skamms
- Annað verður kynnt síðar
 - reykjavik.is/nagrannavarsla





Spurningar

